

Nd.

163. Frumvarp til laga

[118. mál]

um breyting á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Pétur Pétursson, Gils Guðmundsson, Bjarni Guðnason.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 2. tölul. 22. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1971—1972 að endurmeta fyrnanlegar eignir sínar, samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. A-liðs 15. gr. l. nr. 68/1971, sem þau höfðu eignazt fyrir árslok 1968 og hafa síðan átt, og enn fremur eignir samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. A-liðs 15. gr. sömu laga, sem þeir höfðu eignazt fyrir gildistöku fasteignamatsins 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. felur í sér þá einu breytingu á ákvæðum laganna um heimild til endur- mats, að atvinnufyrirtækjum verði leyft að miða fyrningarverð fasteigna við nýja fasteignamatið, þótt þau hafi ekki eignazt þær fyrr en á árunum 1969—1971, en ákvæði um endurmat lausafjár haldist óbreytt.

Með tilkomu nýja fasteignamatsins, sem tók gildi í árslok 1971, hækkuðu gjöld á fasteignum. Fyrningarverð fasteigna miðast við nýja matið, hafi eignin ekki skipt um eiganda eftir 1968. Hafi fasteign verið seld eftir 1968, er óheimilt að miða fyrningu við hærri upphæð en kaupverðið var. Nú eru nokkur dæmi þess, að iðnaðar- húsnæði, verkstæði, peningshús, jarðeignir o. fl., sem undir þetta ákvæði koma, hafi verið seld á ofangreindu tímabili á lægra verði en nýja fasteignamatið reyndist verða. Þegar um sameiginlegan búrekstur og annan rekstur er að ræða innan fjölskyldna, getur í ýmsum tilvikum hending ráðið um, hvert verður hið skráða verð við eignaskipti. Það er óréttlátt, hafi eignaskipti orðið með lögmætum hætti á umræddum tíma, að núverandi eigandi njóti ekki sömu réttinda til fyrninga og sá fyrri hefði notið á þeim verðmætum, sem hann hefur ef til vill átt verulegan þátt í að skapa. Ekki er það síður ranglátt, að nýi eigandinn verður að greiða alla skatta og skyldur í samræmi við nýja fasteignamatið, þótt fyrningar séu leyfðar aðeins af kaupverði eignarinnar, sem í flestum tilvikum er talsvert lægra en nýja fasteignamatið.

Frumvarp þetta er flutt til þess að fá samræmi í þessi ákvæði laganna. Má því segja, að hér sé aðeins um leiðréttingu á augljósu misræmi að ræða.